

## Fundur foreldrafélagsins skólaárið 2018-2019

5. nóvember 2018

Mættir: Andrea Ýr Arnarsdóttir, María Ragnarsdóttir, Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir, Inga María Sigurðardóttir, Ólöf Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi grunnskólasviðs og Ásta Jóna Ásmundsdóttir.

Fundarefni:

1. Jólaföndrið verður 2. Desember, kl. 13. Rætt um skipulagningu þess. Pálínuboð – hvert heimili mætir með eitthvað til að snæða.
2. 43 mættu á myndina Lof mér að falla. Góð þátttaka miðað við fyrri reynslu af fræðslu fyrir foreldra og ánægja með það. Fallið var frá því að leigja sal og fengið tilboð í miða á almenna sýningu. Ljóst að einhver afgangur er af styrknum og því stefnt að fræðslu fyrir börn á miðstigi og yngsta stigi í grunnskóla og mögulega fræðsla tengd börnum á leikskólastigi.
3. 63 heimili hafa greitt árgjald, af 69 heimilum.
4. Ákveðið að fá jólasvein til að koma í heimsókn á jólaskemmtun leikskólans, Ingibjörg sér um það.
5. Jólaleikrit, karíus og baktus í jólabúningi, verður 4. Desember á leikskólanum.

Fundargerð ritaði Ásta Jóna Ásmundsdóttir.